

Reikningsskilaráð ríkisins

21. Fundur – 6. júní 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson Anna Birgitta Geirfinnsdóttir og Margrét Björk Svavarsdóttir.
- Fulltrúi ríkisendurskoðanda: Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 20. fundar samþykkt.

2. Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða og innleiðingaráætlun

Ákveðið hefur verið að færa inn fasteignir í stofnefnahagsreikning m.v. fasteignamat og tekjuvirðismat. Mat á lóðum og jörðum er í vinnslu en verður tekið inn mv. fasteignamat í upphafi. Verðmatið á fasteignum, jörðum og lóðum verður þróað frekar á þriggja ára innleiðingartímanum. Ríkisendurskoðun er að skoða forsendur á bak við eignfærslu og eignalista hjá nokkrum stórum stofnunum. Almenna reglan er að Fjársýslan sendir viðmið eignfærslu og líftíma eigna en stofnanir geta sett eigin viðmið þar sem rökstutt tilefni er til. Setja þarf reglur um eignir sem eru endurleigðar til stofnana, t.d. hjá rekstrarfélaginu sem kaupir eignir miðlægt og leigir síðan til stofnana gegn gjaldi.

3. Ríkisreikningur 2017

Gert er ráð fyrir að búið verði að loka öllum liðum í júní, í framhaldi af því verður tekinn saman bráðabirgðareikningur. Gert er ráð fyrir að Ríkisreikningur verði lagður fyrir Alþingi í byrjun september næstkomandi.

4. Meðferð fjárfestingarframlaga, lagabreytingar og næstu skref

Er í meðferð vinnuhóps.

5. Erindi Biskupsstofu, kynning.

Farið yfir erindi Biskupsstofu um eignfærslu á samkomulagi ríkis og kirkju frá 4. september 1998. Umræðan var hvort ætti að vísa málinu frá þar sem óljóst er hvort Þjóðkirkjan teljist til ríkisaðila eða ekki. Málinu vísað til næsta fundar en verður skoðað í lögfræðilegum tilliti milli funda.

6. Önnur mál.

Ekki var annað rætt, fundi slitið kl. 10:30.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 15. ágúst kl. 9:00